

FUNDARGERÐ

363. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 16. sept. 2015 kl. 8.30 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritar fundargerð. Fjarverandi Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Birna Bjarnadóttir.

Afgreiðslu fundargerðar síðasta fundar frestað.

Þetta gerðist:

1. Árskógar - ákvarðanatataka stjórnar

Framkvæmdastjóri fór yfir fundi byggingarnefndar m.a. með fulltrúa LÍ Ara Skúlasyni. Í máli hans kom fram að mikilvægast er staðsetning lóðarinnar í Mjódd sem FEB hefur undirritaða viljayfirlýsingu um. Öll þjónusta er til staðar og loforð um stækkun þjónusturýmis bætir enn við. Mikilvægt er að gera sem áhættuminnst fyrir kaupendur og hefur verið unnið eftir því í samningaviðræðum við banka. Enn er verið skoðað með stofnun sér félags sem haldi utan um þessar framkvæmdir. Ljóst er að slíkt er erfiðleikum bundið m.a. vegna úthlutunar lóðar og fleirri þátta. Fyrirhuguð verðlagning íbúða taki mið af kostnaði og umfangi FEB við verkið svo að sjálfsögðu þeirra kvaða sem hugsanlega verða sett. Hlutverk og samstarf við aðra í slíkum „verkefnum“ rætt. Niðurstaða stjórnar að farið verði í þetta verkefni og í kjölfarið samþykkt drög að hlutverki byggingarnefndar FEB.

2. Kjarmálin - skipan vinnuhóps

Skýrt frá fundi hluta stjórnar og framkv.stjóra með fjármála- og efnahagsráðherra föstudaginn 4. sept. Góður fundur þar sem ákveðið var að setja á fót vinnuhóp/reiknihóp aðila. Fara þarf yfir mismunandi „tölur“ sem fram hafa komið hjá kjaranefnd FEB, ASÍ svo og í frumvarpi til fjárlaga sem nú liggur fyrir. Tillaga um Brynjólf Sigurðsson og Björgvin Guðmundsson í þennan vinnuhóp samþykkt. Umræður um launaþróun og framfærslu og við hvað eigi að miða.

3. Vetrardagskráin

Farið yfir dagskrá haustsins sem nú hefur komið að fullu til framkvæmda eins og félagsmenn verða varir við og taka þátt í.

4. Hreyfingarátakið framundan

Reykjavíkurborg tekur upp og verður með í áttakinu m.a. með nefnd um hreyfingu aldraðra sem Ellert verður í sem fulltrúi FEB. Kynning fyrir félagsmenn og aðra hjá Heilsuborg fimmtudaginn 17. sept. Formlega má segja að Hreyfingarátak FEB sé farið í gang.

5. Félagstíðindi

Erna Indriðadóttir fór yfir og kynnti hugmyndir sínar um breytt blað. Kynning Ernu fylgir hér með. Ekki tekin afstaða til tillagnanna en ákveðið er að blaðinu verði breytt enn meira frá og með fyrsta tölublaði 2016.

6. Samtök aldraðra

Formlegt erindi hefur komið um stofnun viðræðuhóps sem ræði ýmsa þætti í samstarfi félaganna. Samþykkt að Þórunn, Brynjólfur og Erna fari í þennan viðræðuhóp fyrir hönd FEB.

7. Næstu skref með Velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Lagðir fram punktar Berglindar frá Rvkborg og framkv.stjóra FEB af fundum með Velferðarsviði borgarinnar. Flókið mál sem rætt verður frekar á næsta fundi stjórnar eða sérstökum fundi þar sem a.m.k. allir aðalmen stjórnar eru til staðar.

8. Starfsmannamál

Formaður kom inn á það álag sem er á starfsfók félagsins og þörfina fyrir fjölgun starfsfólks. Starfsfólki fækkaði á síðasta ári og starfshlutfall annarra vara minnkað en með auknum verkefnum og félagafjölda er ljóst að þörf er fyrir fleira starfsfólk.

9. Önnur mál

- Könnun HÍ – Framlag eldri borgara. Könnun sem gerð var fyrir 10 árum og áhugi hefur komið fram hjá HÍ og þeim sem könnunina gerðu og unnu úr að endurtak hana nú að 10 árum liðnum. Verðugt verkefni sem hugsanlega mætti kynna niðurstöður á 30 ára afmæli félagsins á næsta ári.
- Umræða var um möguleika á að velja „Velunnara eldri borgara“. Veita viðurkenningu þeim sem veita eldri borgurum sérstakan stuðning m.a. með langri veru í Afsláttarbókinni og eða alveg einstökum kjörum.

Næsti fundur stjórnarinnar er á dagskrá þriðjudaginn 13. október. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.00.